

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanirnar eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Ísafjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði, nr. 72 frá 7. ágúst 1930, og breytingar á þeirri samþykkt, nr. 105 frá 30. október 1930, nr. 47 frá 14. júlí 1936, nr. 64 frá 11. júní 1937, nr. 95 frá 19. júní 1944 og nr. 196 frá 30. október 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1954.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

1. gr.

Skósmíðavinnustofum í Reykjavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema laugardaga kl. 12 á hádegis og þær ekki opnar aftur fyrr en kl. 8 árdagis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir: Aðfangadag jóla og gamlársdag skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 9 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar skósmíðavinnustofur vera opnar.

Hinn 1. maí og 1. desember skal öllum skósmíðavinnustofum lokað kl. 12 á hádegis ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Menn, sem komnir eru inn á skósmíðavinnustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 60—1500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem opinber mál.

85 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 10. júní 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 56 5. júní 1937.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1954.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

86
11. júní

SAMÞYKKTIR

fyrir Samvinnusparisjóðinn, Reykjavík.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samvinnusparisjóðurinn. Heimili og varnarþing hans er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru 54 ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar, til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 500 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 250 kr. af ábyrgðarupphæði sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 49, búsettir í Reykjavík. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri en að framan er greint. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður ör-eigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanns endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.